

Nd.

179. Nefndarálit

[65. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarpið hefur verið samþykkt án breytinga í efri deild. Iðnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og fengið þá Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóra og Aðalstein Guðjohnsen rafveitustjóra á fund nefndarinnar til að gefa umsögn og upplýsingar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það var samþykkt í efri deild. Tveir minni hl. munu skila séráliti.

Með setningu laga nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, var tekið upp núverandi fyrirkomulag á innheimtu verðjöfnunargjalds. Lögin voru sett til eins árs í senn og hafa verið framlengd árlega nánast óbreytt síðan. Meiri hluti nefndarmanna telur að enn skorti nokkuð á að ráðin hafi verið bót á fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Við teljum því að enn sé þörf á því að framlengja þessi lög til ársloka 1983.

Alþingi, 16. des. 1982.

Skúli Alexandersson,
form., frsm.

Páll Pétursson.

Pálmi Jónsson.

Haraldur Ólafsson.